

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Reykjavík - Þróttarsvæði við Holtaveg.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum samþykkti borgarráð Reykjavíkur 23. júní 1998 deiliskipulag svæðis sem markast af Holtavegi, Sæviðarsundi, Njörvasundi og Sæbraut. Á svæðinu er gert ráð fyrir íbúðarbyggð.

Uppdráttur, greinargerð og skilmálar hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Reykjavík, 26. febrúar 1999.

Þorvaldur S. Þorvaldsson skipulagsstjóri.

SKIPULAGSSKRÁ

Fræðslunets Austurlands.

1. gr.

Fræðslunet Austurlands (FNA) er sjálfseignarstofnun, með stjórn, sem stofnuð er af Alþýðusambandi Austurlands, Atvinnuþróunarfélagi Austurlands, Félagi opinberra starfsmanna á Austurlandi, Sambandi sveitarfélaga í Austurlandskjördæmi, Bændaskólanum Hvanneyri – búvísindadeild, Háskóla Íslands, Háskólanum á Akureyri, Kennaraháskóla Íslands, Samvinnuháskólanum Bifröst, Framhaldsskólanum í Austur-Skaftafellssýslu, Menntaskólanum á Egilsstöðum og Verkmenntaskóla Austurlands. Aðrir sem gerast stofnaðilar innan árs frá stofnun sjálfseignarstofnunarinnar teljast einnig til stofnenda. Heimili og varnarþing er á Austurlandi. Stofnunin ein ber ábyrgð á skuldbindingum sínum með öllum eignum sínum. Hún er að öllu leyti sjálfstæð.

Stofnfé.

2. gr.

Stofnendur leggja fram stofnframlög til FNA skv. sérstökum samningum, þar sem það á við. Af stofnfé varðveitist á nágildandi verðlagi kr. 500.000 sem óskerðanlegur höfuðstóll.

Markmið.

3. gr.

Meginmarkmið Fræðslunets Austurlands er að bæta aðgengi íbúa fjórðungsins að háskólanámi og símenntun og styrkja með því jákvæða byggðapróun. Svo þessi markmið náist mun FNA:

- hlutast til um að boðið verði upp á nám á háskólastigi á Austurlandi, með því að þróa og skipuleggja víðtæk tengsl við aðila er bjóða upp á nám á því stigi og miðla því til almennings og atvinnulífs á Austurlandi,
- stuðla að auknu framboði á Austurlandi á símenntun og fullorðinsfræðslu á öllum stigum menntunar og miðla því til almennings og atvinnulífs í fjórðungnum,
- hafa frumkvæði að því að fylgjast með og nýta bestu fánlegu fjarkennslutækni hverju sinni,
- hafa samstarf við rannsóknastofur á Austurlandi.